L I (i 11 J : i

Jenny Holzer. Electronical Sign. 1993-94.

Morgunblaðið/Sverrir Tehcing Hsieh. New York-gjörningur 1983.

in koma víða að," segir Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.
„Verkin eru sum hver í eigu listamannanna
sjálfra eins og Roman Opalka. Mörg verk
koma frá Silvermann Collection sem er
stórt safn flúxusverka í Detroit. Sýningin
hér á Kjarvalsstöðum er ekki nákvæmlega
eins og sýningin í Björgvin. Bæði hefur ver-
ið skipt um nokkur verk og við leggjum til
nýjan þátt í sýninguna sem snýr að bygg-
ingarlist. Pétur Arihannsson og Ágústa
Kristófersdóttir hafa unnið verkefni sem

lýsir sögu hússins hér á Kjarvalsstöðum. Á
sýningunni í Bergen voru nokkur listaverk
frá fyrri öldum sem sýndu stökk í listasög-
unni. Við settum það til hliðar og tókum
byggingarlistina inn í staðinn. Uppsetning
sýningarinnar er einnig frábrugðin en það
er eðlilegt þar sem sýningarrýmið er gjör-
ólíkt og uppsetningin tekur mið af því." Að-
spurður um hvers vegna tíminn sem hugtak
í myndlist hafi orðið fyrir valinu segir Eirík-
ur að þeim hafi fundist sem nú væri mikil-
vægt að huga að tímanum. „Arið 2000 er í
huga flestra stór tímamót og mjög mörg
þessara verka benda á að tíminn er áfram-
haldandi ferli, hér má sjá gjörning kín-
verska listamannsins Hsieh sem stóð í heilt
ár og verk Daniels Buren sem sýnir tvo
fána, annan sem stóð utandyra og hinn inn-
andyra, báðir hafa hrörnað í tímans rás en
hvor á sinn mátann. Verk Rutault sem stóð
uppi í undirgöngum við Skógarhlíð í heilan
mánuð áður en sýningin var opnuð er einnig
dæmi um hvernig tíminn leikur listaverk.
Ég held því að margir eigi eftir að hafa
gaman af að skoða þessa sýningu með þetta
í huga. Ekki eingöngu sem skoðun á ein-
stökum verkum eða nöfnum, heldur hvað
verkin bera með sér varðandi viðhorf til
tímans sem fyrirbrigðis."

PAINTING TO EXIST ONLY WHEN IT'S COPIED OR PHOTOGRAPHED

Let People copy or photograph your paintings.
Destroy the originals.

1964 spring

Yoko Ono. 1964. Málverk sem er til aðeins þegar það er fjölfaldað eða Ijósmyndað. Myndln er í eigu Listasafns Reykjavíkur.

Áhrif tímans á byggingarlistina

Ágústa Kristófersdóttir, listfræðingur á
byggingarlistardeild Kjarvalsstaða, hefur
ásamt Pétri Armannssyni arkitekt unnið
verkið um sögu Kjarvalsstaða. „Þetta er
saga byggingarinnar sjálfrar sem rakin er í
ljósmyndum og með ýmsum hætti. Tíminn
hefur að sjálfsögðu haft sín áhrif á bygging-
una, ýmsar sýningar hafa valdið timabundn-
um breytingum á henni og húsið sjálft hefur
breyst. Pétur H. Ármannsson segir í grein í
sýningarskrá sem hann nefnir Vitund, upp-

lifun, varanleiki, að byggingarlistin sé ofin
þremur meginþáttum, tækni, notum og list,
og vitnar þar til umfjöllunar Harðar Ágústs-
sonar á kenningum rómverska arkitektsins
Markúsar Vitrúvíusar Pollíó. „Þegar fjalla á
um tímahugtakið í húsagerð er nærtækt að
nálgast viðfangsefnið út frá skilgreiningu
Vitrúvíusar um þrjá meginþætti byggingar-
listar. Við nánari skoðun kemur í ljós að
hver þáttur á sér samsvörun í tímatengdu
hugtaki; tækni sem varanleiki, not sem vit-
und og list sem upplifun. Þótt þessi tenging
orða sé huglæg er hún gagnleg til að draga

fram ólíkar birtingarmyndir tímahugtaksins
í manngerðu umhverfi, borgum og bygging-
um."

Dvaldi heilt
á r utandyra

Eitt af verkunum á sýningunni er skýrsla
Teching Hsieh um árslanga útigöngu sína í
New York. „Hann dvaldi undir berum himni
í borginni í eitt ár 1983 og skráði nákvæm-
lega ferðir sínar og hélt einnig til haga öll-
um fatnaði sem hann klæddist," segir
Ágústa Kristófersdóttir. „Verkið sem er
eins konar skýrsla um þennan gjörning felst
í kortum af ferðum hans um borgina og föt-
unum sem hann klæddist. Hsieh hefur fram-
ið fleiri gjörninga sem eiga það sameigin-
legt að ná yfir eitt ár. Sá fyrsti var árið
1978, þegar hann bjó eitt ár í búri, sá næsti
árið 1980 og er honum lýst svo „Punch time
clock every hour on the hour 24 hours a day
for one year". Árið 1985 framdi hann síðan
árslangan gjörning sem fólst í því að í heilt
ár talaði hann ekki um list, horfði ekki á
list, vann ekki að list, sem virðist kannski
vera nokkuð mótsagnakennt."
Annað verk sem beinist í sömu átt er verk
George Maciunas frá 1972 er nefnist One
year og er samsafn af dósum undan appels-
ínusafa. Listamaðurinn On Kawara málar
dagsetningu á striga sem hann nefnir Date
painting, sept. 14. 1975 og Yaacov Agam á
mynd sem breytir um lit og form eftir því
frá hvaða sjónarhorni er horft á hana.
Never believe heitir hún og gæti þaðútlagst
sem Trúðu aldrei eigin augum.
Roman Opalka segist horfast í augu við
tímann í verkum sínum og kveðst vilja skrá
þann tíma sem honum sé gefinn frá upphafi
til enda. „Hann skráir stöðugt mark sitt á
okkur, þó við viljum stundum ekki kannast
við handbragðið þegar við lítum í spegilinn."

S

UMUM kann að virðast það fjar-
stæðukennt og jafnvel örlftið
bilað að hefja listferil sinn með
því að mála örsmáan (3-5mm)
tölustafinn 1 í efsta horn
vinstra megin á striga sem er
196x135 sm á stærð og halda
síðan áfram í beinni lúiu með
I.ölnst alína 2,3,4 o.s.frv. þar til striginn er
fylltur örsmáum tölum sem enda í neðsta
horninu hægra megin. Síðan er annar strigi
strengdur á blindramma í nákvæmlega sömu
stærð og haldið áfram að I elja og nú rúmum
fjörutíu áiiiiii siðar er listamaðurinn búinn að
tejja vel á sjöttu niil l.jón og verkin eru orðin
háttílOO.

Hann er pólskur að uppruna og stundaði
listnám sitt þar og hdf feril sinn þar í landi.
Hann segist hafa velt því fyrir sér mjög fljót-
lega hvernig hann gæti sem best náð tökum á
því að túlka tímann í verkum sínum og þetta
hafi verið niðurstaðan. „Það var ekkert sjálf-
sagt að marka gang tímans með tölum. Ég
hafði áður málað verk með punktum en
punktar eru allir eins og ekki hægt að átta sig
á línulegu eðli t íiiians með jafn gððu mól i. Eitt
sinn var ég bíða eftir konu minni, hún var sein
og ég taldi sekúndur og mmútur þar til hún
kæmi. Þá sló þetta mig. Að I elja, mála tölur.
Síðan var ekki aftur snúið."

Opalka segist oft hafa verið spurður að því
hvort lífsstarf hans sé honum ekki áþján og
hvort það sé ekki merkingarlaust. Hann

Roman Opalka. Tölur. 1965. Eign
listamannsins.

kveðst svara því til að viðkomandi væri nær
að spyrja foreldra sína þessarar spurningar;
hvers vegna er ég tíl, hvers vegna lifi ég og
hvers vegna dey ég? „I >að er viðfang listar
minnar, líf mitt frá upphafi til enda, en reynd-

ar tekur það ekki enda heldur streymir lífið
áfram. Eg mun halda áfram að telja tíl eilífð-
ar," segir þessi rúnum risti listamaður sem
I íóf' feril sinn í Póilandi á sjötta áratugnum
undir hæl kon mui nist asl jó nia r sem leit hug-
mynd hans hornauga og taldi merki um borg-
aralega úrkynjun. „Ég var einn í mörg ár með
list iuíiia og menn töldu mig ruglaðan. Eftir að
ég fluttíst til Parísar tók líf mitt aðra stefnu
og þar hef ég getað sinnt list minni ötruflað-
ur."

Opalka segir að fyrsta tölustafamynd hans
sé varðveitt á i íkislisl asafniim í Lodz í Pól-
landi. „Safhstíóranum þóttí ekki mikið tíl
hennar koma og greiddi mér nánast ekkert
fyrir hana. Nú er þetta talinn einn af dýrgrip-
um safnsins og aðeins sýnd einstaka sinnum
þar sem hún er máluð með temparalitum og
eldist illa. Ég fór ffjótiega að mála með akrýl-
litum og hef ekki breytt tækni minni síðan. En
myndirnar taka hægfara breytíngum. Fyrsta
myndin var máluð með hvítum stöfum á svart-
an bakgrunn. Með hverri mynd lýsist bak-
grunnurinn um 1%. Nií er bakgrunnurinn orð-
inn fremur lj ós en mér telst tíl að með
svipuðum afköstum og ég hef núna, 1-2 mynd-
ir á ári, þá verði bakgrunnurinn orðinn nánast
alhvítur þegar ég verð 84 ára. Þá mun ég samt
halda áfram að mála hvíta tSIustafi á hvítan
bakgrunn, það verður erfitt en þd verður allt-
af áferðarlegur munur á bakgrunni og tölu-
stöfum þð hann verði kannski ekki sjáanleg-
ur." Hvort þetta sé hugsað sem táknrænt fyrir

samruna listamannsins við eilífðina ypptir Op-
alka öxlum en brosir þó og segir það vel geta
verið. „Ég ákvað að hafa þetta svona strax í
upphafí og hef haldið mig við það. Aðrir verða
að túlka það á þann hátt sem þeir vilja."
Að baki þessari hugmynd Opalka sem í
fyrstu virðist einföld en dýpkar sífellt eftir því
sem áhorfandinn leyfir sér að hugsa lengra
liggur einstæð sýn á tilvist mannsins og þann
túna sem einstaklingnum er gefinn hér á jörð.
„Túninn er afstæður og hann tekur líka upp
rými. Tíiiiimi umlykur okkur og hann gengur
ekki eftir beinni lmu. Tölurnar múiar fela

þetta í sér. Á milli þeirra eru óendanleg
augnablik sem eru þó örstutt. Lífið og dauð-
inn takast sífellt á. Ég hef verið spurður að þ ví
hvers vegna ég túlki ekki tilfinningar mihar.
Hvers vegna ég máli bara tölur á striga. En
verk mín eru hlaðin tílfinningu. Hlaðin gleði
yfir hverju augnabliki lífsins og þeirri stað-
reynd að dauðinn bíður okkar allra. Ég horfist
stöðugt í augu við dauðann en nýt hvers
augnabliks lífs mms og skrái þau niður. Þetta
er sama mótsögn og fólgin er í tílverunni
sjálfri."

Verk Opalka eru framúrskarandi myndlist.
Þegar áhorfandinn virðir þau fyrir sér úr
nokkurri fjarlægð eru þau eins og síbreytilegt
mynstur. Ölduhreyfing, glitrandi mistur á
sjávarfleti. Þegar nær er komið og rýnt er í
myndirnar sjást hinar örsináu tölur. Eins og
tnniini, óendanlegur og alltumlykjandi en
samsettur úr ótal örsmáum augnablikum.

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS - MENNING/LISTIR 19. ÁGÚST 2000 7